

# STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1997

Nr. 261

508

22. apríl 1997

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995,  
um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Í 2. mgr. 10. tl. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 103/1997, falli niður orðin: „til og með 30. apríl“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1996, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. apríl 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

Nr. 262

23. apríl 1997

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 531/1996, um tilraun  
Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar samkvæmt  
lögum um reynslusveitarfélög.

1. gr.

Í stað „30. apríl 1997“ í ákvæði ráðuneytisins um staðfestingu kemur: 30. júní 1997.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem gerð er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar, skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 23. apríl 1997.*

**Páll Pétursson.**

Húnbogi Þorsteinsson.